



Leiðrétt eintak

Stjórn SSH 349. fundur

Mánudaginn 3. maí 2010 kl.12:15 kom stjórn Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu saman til fundar á skrifstofu SSH að Hamraborg 9, Kópavogi.

Eftirtaldir stjórnarmenn og varamenn sátu fundinn: Haraldur Sverrisson, Gunnar Einarsson, Gunnsteinn Sigurðsson, Lúðvík Geirsson, Ásgerður Halldórsdóttir og Pálmi Másson og Sigurbjörn Hjaltason.

Hanna Birna Kristjánsdóttir var fjarverandi.

Framkvæmdastjóri, Páll Guðjónsson sat einnig fundinn og ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Strætó bs.

Á fundinn mættu Reynir Jónsson og Hörður Gíslason og gerðu grein fyrir stöðu og horfum í rekstri Strætó bs.

Niðurstaða:

Stjórn telur rétt að unnið verði uppfært rekstrar- og afkomumat sbr. þá áætlun sem var til umfjöllunar hjá stjórn SSH og eigendum byggðasamlagsins í maí og júní á liðnu ári, og endurmetin verði fjármögnunarbörf byggðasamlagsins m.v. núverandi stöðu og horfur.

2. Ársreikningur SSH fyrir árið 2009.

Fyrir lá fullfrágenginn ársreikningur SSH fyrir árið 2009, ásamt áritun framkvæmdastjóra, endurskoðanda og kjörinna skoðunarmanna.

Stjórnarmenn árituðu reikninginn.

3. Málefni Ísaksskóla – greiðslur vegna utansveitarnemenda í grunnskólum á höfuðborgarsvæðinu

Fyrir lá minnisblað framkvæmdastjóra með tillögu að afgreiðslu máls.

Umræður

Niðurstaða:

Eftirfarandi var samþykkt:

„Stjórn SSH leggur til við skólamálanefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga að skoðuð verði breyting á viðmiðunarreglum og gjaldskrá um greiðslur vegna nemenda sem stunda nám utan lögheimilissveitarfélags, þannig að



Þriðjungsskerðingu sem nú er beitt við útreikning á „grunnvistgjaldi“ verði ekki beitt gagnvart þeim skólum þar sem fjöldi nemanda í viðkomandi skóla með lögheimili utan sveitarfélags er að jafnaði a.m.k. 10% af heildarnemendafjölda skólans.“

4. Tilfærsla á þjónustu við fatlaða.

Fyrir lá minnisblað framkvæmdastjóra v. fundar samráðshóps frá 29.04.2010.

Umræður

Niðurstaða:

Samþykkt að halda sérstakan fund stjórnar og samráðshópsins til yfirferðar yfir stöðu undirbúnings og umfjöllunar um þá þætti sem snúa að samstarfi sveitarfélaganna við úrvinnslu verkefnisins.

5. Sóknaráætlun 20/20 – niðurstöður þjóðfundar á höfuðborgarsvæðinu

Framkvæmdastjóri upplýsiti um gang við úrvinnslu á gögnum og niðurstöðum fundarins. Upplýst var að niðurstöður muni liggja fyrir á næstu 1 – 2 vikum til birtingar og almennrar dreifingar.

6. SSH – verkefnayfirlit.

Fyrir lá samantekt framkvæmdastjóra vegna verkefna sem hafa verið í vinnslu hjá SSH.

Gunnsteinn Sigurðsson bar fram eftirfarandi tillögu undir þessum lið:

„Frá byrjun árs 2007 hefur Kópavogsbær unnið að því að fá breytt vatnsverndarmörkum innan jarðarinnar á Vatnsenda vestan Heiðmerkur, og lagt fram ítarleg gögn vegna þessa. Vatnsvernd var að hluta til breytt árið 2008 þegar vatnsból Garðabæjar var lagt niður í Dýjakrókum, en enn er ólokið að aflétta hluta af vatnsvernd á þessu svæði. Kópavogsbær hefur staðið fyrir rannsóknarborunum á umræddu svæði og hefur verið með stöðugar mælingar á grunnvatnsstreymi frá árinu 2007. Hafa þær verið unnar af verkfræðistofunni Mannviti og Vatnaskilum.

Kópavogsbær leggur áherslu á að vatnsvernd verði endurskoðuð á þessu svæði óháð heildarendurskoðun vatnsverndar á höfuðborgarsvæðinu. Það samræmist ekki hagsmunum Kópavogsbæjar að umrædd breyting bíði vinnu við heildarendurskoðun vatnsverndar, enda má gera ráð fyrir að sú vinna taki einhver ár. Undirritaður lýsir engu að síður stuðningi við heildarendurskoðun vatnsverndar á höfuðborgarsvæðinu“

Samþykkt að vísa tillögunni til aðildarsveitarfélaganna.



7. Önnur mál.

a) Ferðapjónusta fatlaðra – samræming á flutningi grunnskólanemanda og framhaldsskólanemenda.

Samþykkt að fela framkvæmdastjóra að skoða hvort og þá hvaða ávinningur geti falist í meiri samræmingu á framkvæmd máls en nú er.

b) Lionsklúbburinn Úlfar – Tillaga að samstarfsverkefni í forvörnum gegn einelti.

Samþykkt að kalla eftir umsögnum frá fræðslustjórum um málið.

Fleira ekki gert – fundi slitið kl. 13:55